

Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/356  
komudagur 1.12.2009



Reykjavík 27.nóvember 2009.

**Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 116.mál.**

Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.

Á aðalfundi Tannsmiðafélag Íslands 17. apríl 2008 var eftirfarandi tillaga stjórnar samþykkt:

„Stjórn Tannsmiðafélags Íslands leggur til að félagið stuðli að breytingu sem felur í sér að iðngreinin tannsmíði færist yfir á heilbrigðissvið og verði gerð að heilbrigðisstétt. Í framhaldi leggur stjórn félagsins til að nám tannsmíða verði fært á háskólastig“.

Nú liggur fyrir drög að frumvarpi um að tannsmiðir verði gerðir að heilbrigðisstétt og munu málefni þeirra færast frá iðnaðarráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis.

Um menntun íslenskra tannsmíða, gilda lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, reglugerð um sveinspróf nr. 525/2000. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999. Einnig gilda um tannsmíði lög um starfsréttindi tannsmíða nr. 109/2000, reglugerð um starfsréttindi tannsmíða nr. 904/2000 og reglur um takmörkun á starfsréttindum tannsmíða nr. 937/2000. Eins og sjá má þarf að endurskoða öll lög og reglur sem gilda um iðnina tannsmíði og setja ný lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttina tannsmíði.

Við vekjum athygli á lið a. í inngangi að umræddu frumvarpi um skilyrði um nám löggiltar heilbrigðisstéttar og lið b. um starfssvið heilbrigðisstétta og afmörkun þess. Félagið telur að í ljósi sérstakra aðstæðna tannsmíða að niðurfelling laga um um starfsréttindi tannsmíða nr. 109/2000, reglugerð um starfsréttindi tannsmíða nr. 904/2000 og reglur um takmörkun á starfsréttindum tannsmíða nr. 937/2000, sem varða atvinnuréttindi tannsmíða með viðkomandi starfsleyfi þurfi að tryggja með sérstöku frumvarpi.

**Í inngangi að umræddu frumvarpi segir;**



Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerðum kveðið á um ýmis atriði sem eru þess eðlis að betur fer á að þau séu ákveðin í stjórnvaldsfyrirmælum. Má m.a. nefna:

- a. Hvaða skilyrði um nám og eftir atvikum starfsreynslu þarf að uppfylla til að eiga rétt á leyfi til að starfa innan viðkomandi löggiltrar heilbrigðisstéttar og kalla sig starfsheiti stéttarinnar.
- b. Starfssvið heilbrigðisstétta og afmörkun þess.
- c. Hvaða reglur gildi um hverja heilbrigðisstétt varðandi viðhaldsmenntun, umsagnaraðila um veitingu starfsleyfis o.fl.
- d. Skilyrði fyrir löggildingu sérfræðigreina og veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing.

Við gerð slíkra reglugerða er gert ráð fyrir að haft verði samráð við aðila eins og landlækni, fagfélög, menntastofnanir og eftir atvikum aðra sem málið kann að varða.

Með vísan til svarbréfs iðnaðarráðherra Katrínar Júlíusdóttur [IDN08040005/38.350] til heilbrigðisráðuneytis 8.júní síðast liðinn varðandi niðurfellingu laga nr.109/2000 um starfsréttindi tannsmiða. Kemur fram að heilbrigðisráðherra hyggst leggja fyrir þingið sérstakt frumvarp sem tengist viðkomandi málaflokki.

Það traust er lagt á heilbrigðisráðherra, ráðuneyti hans og þá sem koma að gerð reglugerðar um heilbrigðisstéttina tannsmiði að atvinnuréttindi þeirra verði ekki skert né afnumin. Tannsmiðafélag Íslands sem fagfélag tannsmiða óskar eftir að fullt samráð verði haft við félagið um framvindu mála.

Virðingarfyllt

Ríkarður Már Ríkarðsson

Formaður